



# JÓN ÁRNASON

## 200 ÁRA AFMÆLI

Sýning í Þjóðarbókhöllu, opnuð 7. september 2019

**Jón Árnason 200 ára afmæli**  
**1819–2019**

**Sýning í Þjóðarbókhöð, opnuð 7. september 2019**

**Hönnun sýningar og skrár:**  
Ólafur J. Engilbertsson

**Val sýningarmuna og ritun sýningartexta:**  
Halldóra Kristinsdóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Bragi Þorgrímur Ólafsson og Jökull Sævarsson

**Að verkefninu unnu:**  
Halldóra Kristinsdóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Sóley Eiríksdóttir, Bragi Þorgrímur Ólafsson, Krístrún Daníelsdóttir, Ólafur J. Engilbertsson, Ólafur Guðnason, Guðjón Pálmarrsson, Jökull Sævarsson, Hilma Gunnarsdóttir og Örn Hrafnkelsson

**Hönnun vefsins jonarnason.is:**  
Olga Holownia

**Ljósmyndir:**  
Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni og fleiri, sjá Myndaskrá  
Ljósmyndun safnmuna: Helgi Braga og Jónas Leifsson

**Prentun skrár:**  
Litróf Hagprent ehf

**Prentun sýningar:**  
Sýningakerfi ehf

**Verkefnið er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu**

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2019  
ISBN 978-9935-434-16-6

# Óvarp

Verið velkomin á afhjúpun minnismerkis, dagskrá og opnun sýningar um Jón Árnason (1819–1888) landsbókavörð og þjóðsagnasafnara. Hann er mikilvægur á mörgum sviðum íslenskrar menningarsögu, en einna þýngst vegur söfnun íslenskra þjóðsagna, auk útgáfu þeirra, og síðan starf hans sem landsbókavörður árin 1848–1887. Á 200 ára afmæli Jóns er hans minnst með margvíslegum hætti, en einn helsti hvatamaður að því að halda nafni hans á lofti er Vilhjálmur Bjarnason fyrrverandi alþingismaður, sem lagði fram nokkrar þingsályktunartillögur um málið sem náðu þó ekki fram að ganga. Forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið veittu styrk til verkefnisins árið 2019 og fjölmargir hafa lagt hönd á plóg í því skyni að halda upp á afmælisárið með ýmsum hætti. Meðal þeirra eru Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og sveitarfélögin Skagatrönd og Skagabyggð, en Jón fæddist að Hofi á Skaga í Austur-Húnavatnssýslu. Þá eru ótaldir þeir einstaklingar, bæði úr heimabyggð og frá ofantöldum stofnunum, sem hafa verið með framlög, í tónum og tali, ræðu og riti. Einnig vil ég þakka Helga Gíslasyni myndhöggvara, en hann gerði lágmynd af Jóni sem var sett upp á Skagatrönd og afhjúpuð af Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands, í tengslum við dagskrá um Jón sem haldin var þar á afmælisdegi hans þann 17. ágúst 2019. Og í dag, 7. september 2019, mun Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhjúpa sams konar lágmynd hér í Þjóðarboðhlöðunni.

Ég vil þakka öllum þeim starfsmönnum safnsins sem hafa unnið að verkefninu og öðrum sem hafa lagt málinu lið, bæði hér í safninu og verkefninu í heild.

*Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður*



Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Teikning af Jóni Árnasyni, líklega eftir  
Sigurð málara Guðmundsson, um 1860.<sup>1</sup>



## Pilturinn

Jón Árnason fæddist á Hofi á Skagaströnd 17. ágúst 1819. Foreldrar hans voru séra Árni Illugason og þriðja kona hans, Steinunn Ólafsdóttir. Jón átti tvö hálfsystkin samfeðra, Þórð og Ingibjörgu, og einn yngri albróður, Ólaf, sem dó ungur.

Árni, faðir Jóns, lést þegar Jón var á sjöunda ári. Eftir það bjó Steinunn á Syðri-Ey og Auðkúlu í Austur-Húnavatnssýslu. Jón ólst upp hjá móður sinni sem kenndi honum að lesa og nokkurn hlut af barnalærdómnum en á ellefta ári var hann sendur til séra Magnúsar Árnasonar í Steinnesi til að læra kverið til enda og skrifa og reikna. Var hann hjá honum í þrjú ár en fór svo aftur til móður sinnar. Ári síðar fór hann til Þórðar, bróður síns, sem þá bjó að Skarði í Landi, og var hjá honum í þrjú ár. Stundaði hann nám hjá prestinum í Odda hálfan vetur þegar hann var á Skarði.





Hofskirkja er meðal elstu húsa í Austur-Húnavatnssýslu, byggð árið 1870. Teikning: Jón Helgason, 1925.<sup>2</sup>


Þegar Jón útskrifaðist frá Bessastaðaskóla hlaut hann eftirfarandi vottorð frá lektor skólans:

„En með því að hann hafði að eins numið frumfræði vísindanna, mátti eigi annað vera, en að hann í fyrstu settist neðstur. En smám saman tók hann sér svo fram, að mjög fáir urðu honum fremri, því að bæði var hann mjög iðinn og elskur að náminu, enda hafði hann farsæla dómgreind og trútt minni; varð honum af þessum sökum svo vel ágenzt, að hann að sameiginlegu vitni prófdómenda var útskrifaður með lofi.“<sup>1</sup>

Jón gekk í ýmis verk á bæjunum og sinnti jafnframt sjómennsku á unglingsaldri. Hann þótti vinnusamur og lagði oft hart að sér.

Árið 1837 fékk Jón styrk til náms í Bessastaðaskóla. Námið reyndist honum strembið fyrst um sinn þar sem hann hafði litla skólagöngu að baki. Hann lagði því mikið á sig og með dugnaði náði hann að útskrifast meðal þeirra efstu árið 1843.

„Fyrsta veturinn minn í skóla fór eg oftar á fætur kl. 4–5 á morgnana til þess að geta fylgzt með í námsgreinunum, og varð eg þá eins og aðrir, sem fóru á fætur og vildu lesa fyrir klukkan 7, að kaupa mér ljós á eigin kostnað. Um haustið, er eg kom, settist eg neðstur í neðri bekk, við miðs-  
vetrarpróf hækkaði eg dálítið, en úr því fyrsti veturinn leið, fór að greiðast úr fyrir mér, svo eg gat fylgzt með þeim, sem voru í fullu meðallagi.“<sup>2</sup>



Bessastaðir 1834.<sup>3</sup>


## Kennarinn

Síðasta veturinn sem Jón stundaði nám við Bessastaðaskóla, 1842–1843, réð Sveinbjörn Egilsson, þáverandi kennari við skólann, hann sem heimiliskennara. Sveinbjörn bjó þá á Eyvindarstöðum en þegar skólinn var fluttur til Reykjavíkur 1846 fluttist Jón með fjölskyldunni þangað. Sveinbjörn lést árið 1852 en eftir það var Jón áfram hjá Helgu Benediktsdóttur Gröndal, ekkju Sveinbjarnar, fram að láti hennar árið 1855.

Jón kenndi börnum Sveinbjarnar og Helgu ásamt öðrum börnum sem þar dvöldu, almenn fræði auk þess að kenna piltum undir skóla. Einnig aðstoðaði Jón Sveinbjörn við ritstörf á ýmsa vegu.

Um ár sín hjá Sveinbirni sagði Jón:

„Af Egilsen lærði eg svo margfalt meira en eg hafði lært í skóla áður, og var það á við mikil laun. Einkum fékk eg bæði miklu betri þekkingu og interesse fyrir íslenska málinu en áður.“<sup>3</sup>




Teikning eftir Benedikt Gröndal af Eyvindarstöðum frá 1840.<sup>4</sup>


Góður vinskapur var á milli Jóns og heimilisfólksins, eins og fram kemur í *Dægradvöl*, endurminningum Benedikts Gröndals, sonar Sveinbjarnar og Helgu:

Jón Árnason útskrifaðist um þetta leyti og fór þá til foreldra minna og varð ráðamaður hjá þeim upp frá því; hann var hjá foreldrum mínum til dauðadags þeirra og var hinn tryggasti og ósérplægnaasti vinur þeirra og allra okkar systkina.<sup>4</sup>

Jón var einnig stundakennari í Lærða skólanum árin 1849–1852 og 1854–1855 þar sem hann kenndi íslensku, dönsku, grísku og sögu.



Íslenzk æfintýri. Söfnuð af M. Grímsyni og J. Árnasyni (Reykjavík, 1852).



Jón Árnason.<sup>5</sup>

## Þjóðsagnasafnarinn

„Á 5.–7. ári held eg hafi heyrt fyrst flestar þær þjóðsögur, sem frá minni hendi beinlínis standa í safninu, enda er sú saga til þess, að enginn sem kom að Hofi af almúgamönnum og var þar nætursakir, átti frið fyrir mér frá því að segja mér sögur, enda þótt eg oft yrði lafhræddur af sögunum, sem mér voru sagðar, og það svo, að eg bað móður mína um að halda utan um mig í rúminu.“<sup>5</sup>

Jón Árnason og Magnús Grímsson prestur á Mosfelli hófu að safna þjóðsögum og ævintýrum árið 1845 með þjóðsagnasafn Grimm bræðra sem fyrirmynd. Árið 1852 gáfu þeir út *Íslenzk æfintýri* með úrvali úr safninu. Magnús lifði ekki að sjá frekari afrakstur vinnu sinnar þar sem hann lést árið 1860, aðeins 35 ára að aldri. Þrátt fyrir fjárskort og annir vegna annarra starfa hélt Jón söfnuninni áfram með hvatningu frá vini sínum, þýska lagaprófessornum Konrad Maurer.

Stórvirkið *Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri* kom út í tveimur bindum á árunum 1862–1864 og var mikil ánægja með útgáfuna, bæði hér heima og erlendis, því nú voru í fyrsta sinn aðgengilegar á prenti alþýðlegar sögur alls staðar að af landinu. Við söfnunina bjó Jón vel að góðum tengslum við fjölda manna, enda var hann hvers manns hugljúfi og gaf sér oft tíma til að spjalla við fólk. Góð kynni hans af skólapiltum frá árunum við Lærða skólann voru jafnframt dýrmæt og margir þeirra urðu hjálparmenn hans við þjóðsagnasöfnun og mynduðu ásamt öðrum ómetanlegt tengslanet sem náði yfir landið þvert og endilangt.






Þjóðsögur Jóns Árnasonar eru varðveittar í 23 handritum í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Lbs 414–425 8vo og Lbs 528–538 4to.

Jón og fjölmargir samferðamenn hans lögðu mikla vinnu í að safna og gefa út sögurnar. Sumar sögurnar skrásetti Jón sjálfur eftir munnlegum heimildum en aðrar sögur fékk hann sendar. Hann skrifaði fólki um allt land og lét fylgja með lista yfir það sem hann vildi helst að væri safnað.

Bak við þetta viðamikla starf liggja fjölmörg handrit, ólík að stærð og gerð, bréf, minnismiðar og vinnugögn sem varðveitt eru í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Þjóðsögur Jóns hafa verið þjóðareign í rúm 150 ár og eru orðin órjúfanlegur hluti íslenskrar þjóðmenningar. Úr þjóðsögunum hafa sprottið ýmsir þjóðlegir siðir eins og álfabrennur og þorrablot auk fjölda leikrita og margir listamenn hafa leitað í þennan ómetanlega arf íslenskrar alþýðu. Flestir, ef ekki allir, Íslendingar hafa heyrt og kunna að fara með einhverjar þjóðsögur sem hafa lifað meðal þjóðarinnar í aldanna rás.



Íslenskar þjóðsögur og æfintýri. Safnað hefir Jón Árnason. Titilsíða fyrri bindis. (Leipzig, 1862).

„Eg er nú að taka mig til að skrifa hér í blöðunum um Stíptsbókasafnið. Ef sagan er sögð, eins og hún er, verður hún ljót; eg vildi gjarnan ekki þurfa að gera það, en einhver verður að verða fyrir skarnverkunum, og einginn er því kunnugri en eg, hvað geingið hefir síðan eg varð bókavörður og hvað hér er áfátt, fyrirkomulagið á stjórn þess er eptir minni tilfinningu hreinasta absurdum. Eg veit reyndar, að eg kem því aldrei fram, sem eg vil og vil einungis, en það er, að eg gæti fengið þá stöðu við bókasafnið hér, að eg gæti lifað af henni, án þess að þurfa eða verða að hafa aðra stöðu, svo að eg gæti og mætti hugsa um það eitt, því þar er margt að gera enn ...“<sup>6</sup>



Jón Árnason.<sup>6</sup>

## Landsbókavörðurinn

Árið 1848 var Jón ráðinn bókavörður við Stíptsbókasafnið, er síðar var nefnt Landsbókasafn, og gegndi þeirri stöðu samhliða öðrum störfum þar til hann fór á eftirlaun árið 1887. Hann var fyrsti starfsmaður safnsins, en áður hafði stjórnarnefnd safnsins sinnt því í hjáverkum.

Safnið var formlega sett á fót árið 1818 og opnað til notkunar árið 1825. Það var til húsa á Dómkirkjuloftinu allt fram til 1881 þegar það fluttist í Alþingishúsið. Á Dómkirkjuloftinu deildi safnið húsnæði með Forngripasafninu sem var stofnað árið 1863, en Jón hafði einnig umsjón með því ásamt Sigurði Guðmundssyni málara.



Aðstaða safnsins var heldur bágborin á Dómkirkjuloftinu og kvartaði Jón árum saman yfir því og öðru í bréfum til stjórnarnefndar safnsins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tókst Jóni að koma góðu skipulagi á safnið og árið 1881 áætlaði hann að safnkosturinn væri um 13 þúsund bindi.






Jón sinnti hvers kyns störfum á safninu, enda var hann eini starfsmaður þess fram til 1882 en naut þó aðstoðar Páls Pálssonar stúdents um skeið. Safnið var opið tvisvar í viku, í hádeginu á laugardögum og miðvikudögum, og sinnti Jón þá útlánum en einnig röðun, þrifum og öðru. Opnunartíminn var þó lengdur eftir flutning safnsins í Alþingishúsið 1881. Þá tók Jón á móti bókaöfnum, þar á meðal frá útlöndum, en margar stofnanir og einstaklingar sendu safninu rit, sérstaklega í tilefni af 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1874. Jón hugaði einnig að bættri stöðu safnsins, bæði hvað varðaði safnkost og húsbúnað en bókaskráning var umfangsmesti hluti starfsins. Hvatti hann landsmenn til að efla veg safnsins í blaðagreinum og bréfaskiptum. Eftir Jón liggja tvær prentaðar skrár (1874), ein skrá í handriti (1849) og fjölmargar ritaukaskrár að auki í skjalasafni safnsins.

Reglur um afnot bóka Landsbókasafnsins, frá 1882.




Jón Árnason, *Um Stiptsbókasafnið í Reykjavík* (Reykjavík, 1862).



Þann 27. október 1866 skrifar Jón í bréfi til vinar síns Konrads Maurer:

„Þó eg sé nú vel friskur, sem stendur, óttast eg fyrir, þegar eg eldist, að eg haldi ekki út þessi skrifstofustörf, og því vildi eg nú gjarnan fá breytingu á stöðu minni, þar sem eg gæti haft meiri hreifingu en eg hefi nú, en slík staða er nú ekki auðfeingin, úr því eg hefi ekki fundið hjá mér köllun til að sækja um brauð og verða prestur. Hér á landi ekki heldur um neitt að velja, því hér er ekki svo varið neinu, að maður [geti] feingið neitt að gjöra fyrir vissa borgun, sem maður<sup>7</sup> geti reitt sig á, því lífið hér er svo fábreytilegt og nauðsynjarnar svo fáar, fyrir utan þá einu, að geta með kvöl og mæðu framdregið lífið.“<sup>8</sup>



Jón Árnason.<sup>7</sup>

## Biskupsritarinn


Sumarið 1856 var Jón ráðinn skrifari Helga Thordersens biskups. Biskupssetrið var þá nýflutt úr Laugarnesi að Lækjargötu 4 og þar sat Jón við skrifstofustörf frá 9–2 og 4–7 á daginn.

Eftir nokkur ár í starfi, árið 1865, stóð Jón fyrir því að biskup sendi bréf til allra presta og prófasta landsins með beiðni um að gera skrá yfir allar íslenskar bækur prentaðar fyrir 1816 sem til voru í sóknum þeirra.

Margir prestar og prófastar svöruðu kallinu og eru skrárnar varðveittar í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmarkinu Lbs 611–614 4to.

Skráningin gaf Jóni afar gott yfirlit yfir bókaeign landsmanna, meðal annars yfir fágætar bækur og hvar þær væri að finna, og um íslenska bóksögu. Með þessa vitneskju var Jóni síðan hægara um vik að koma höndum yfir fjölda fágættra bóka sem urðu smám saman hluti af miklu og merkilegu bókasafni hans.

Jón starfaði fyrir tvo biskupa, lengst af fyrir Helga Thordersen en síðan Pétur Pétursson í eitt ár eftir að hann var skipaður í embætti árið 1866. Jón hafði hugsað sér til hreyfings um tíma og leitað eftir nýju starfi bæði hér heima og erlendis. Árið 1867 var hann svo ráðinn umsjónarmaður Lærða skólans og sagði þá skilið við biskupsritarastarfið.



Jón Árnason, *Registur yfir bókasafn Hins lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1862).



# Umsjónarmaðurinn

Sumarið 1867 tók Jón við starfi umsjónarmanns Lærða skólans í Reykjavík og flutti yfir Lækjargötuna, úr Biskupsbústaðnum yfir í skólahúsið. Starf umsjónarmanns skólans var umfangsmikið. Allt utanumhald og rekstur skólans var á hans höndum auk þess sem hann hafði umsjón með þeim nemendum sem bjuggu í skólanum og var fjárhaldsmaður margra þeirra. Hann veitti nemendum stuðning og ávann sér traust þeirra og virðingu.

Vinnudagur Jóns var langur, hann hófst klukkan sjö að morgni þegar Jón tók mannatal við skólaklukkuna og lauk seint á kvöldin þegar hann lét skólapilta lesa saman í Langaloftinu þar sem þeir sváfu. Þorvaldur Thoroddsen, fóstursonur Jóns og nemandi í skólanum, lýsti þeim stundum á þennan hátt:

Á kvöldin frá því kveikt var í loftinu þangað til slökt var, ljet Jón Árnason lesa hátt, vanalega Íslendingasögur í Langaloftinu, en gekk sjálfur um gólf með umsjónarmanni loftsins og hlustaði á, tók stundum fram í, útskýrði, bætti við, eða ljet hrjóta nokkur gamanyrði, enda var hann manna kýmnastrur, hnyttinn og fyndinn í orðum. Þessi lestur var mjög vel fallinn til þess að halda reglu, meðan menn voru að hátta.<sup>9</sup>

Jón hafði tvö herbergi til íbúðar í skólanum, annað notaði hann sem skrifstofu og hitt sem svefnherbergi. Bækur sínar hafði hann í kompu á lofti skólahússins.

Jón gegndi starfinu til ársins 1879, er það var lagt niður í sparnaðarskyni og kennurum skólans falið að sinna starfi umsjónarmanns án þess að greitt væri sérstaklega fyrir það. Ekki voru allir sáttir við þessa ákvörðun Alþingis og fannst illa vegið að Jóni fyrir allt hans góða og óeigingjarna starf.



Hið viðamikla starf umsjónarmanns hefur án efa verið strembið og Jón var ávallt á höttunum eftir nýju starfi. Í janúarbyrjun 1868 skrifar hann í bréfi til vinar:

„Ekki hefi eg haft neinn annan hag á þeim skiptum, en að eg þarf ekki að sitja eins fastur og bundinn við sífeldar skriptir, eins og áður, og að eg er laus við húsaleigu, þar sem eg bý í skólanum ... bæði Rector og lærisveinar skólans hafa verið mér mikið góðir. Þó liggur ærin ábyrgð á mér, að því leyti sem siðferði pilta snertir, en það er sá kafli stöðu minnar sem mest er aðgæzluverður. Ef eg ekki get feingið mér aðra stöðu hentugri erlendis, sem eg gjöri mér alt far um, án þess að flana að því fyrirhyggjulaust og ráðlauslega ... – því hér er mér ekki til neins að vera – býst eg við, að eg lafi við þetta starf framvegis ...“<sup>10</sup>

Lærði skólinn í lok 19. aldar. Skólahúsið til vinstri og íþaka til hægri.<sup>8</sup>



Jón Árnason og Katrín Þorvaldsdóttir Sívertsen.<sup>9</sup>

## Þjölkskyldumaðurinn

Í ágúst 1866 giftist Jón Katrínu Þorvaldsdóttur Sívertsen, Jón var þá 47 ára en Katrín tíu árum yngri. Strax um haustið fluttist til hinna nýgiftu hjóna systursonur Katrínar, Þorvaldur Thoroddsen, þá ellefu ára gamall. Þorvaldur ber þeim hjónum vel söguna og skrifar í *Minningabók* sína: „... átti eg þeim mikið upp að unna, sem eg aldrei get fullþakkað, beztu foreldrar hefðu ekki getað verið mjer betri.“<sup>11</sup>

Í júlí 1868, eignuðust Jón og Katrín son, sem einnig fékk nafnið Þorvaldur. Þorvaldur þótti afar efnilegur námsmaður og einnig var hann góður söngmaður og spilaði á píanó en tónlist var í hávegum höfð á heimilinu. Þorvaldur var í 4. bekk Lærða skólans þegar hann lést haustið 1883, aðeins 15 ára gamall.

Heimili Jóns og Katrínar var hið mesta rausnarheimili og gestrisnin framúrskarandi. Jón var fjárhaldsmaður margra skólapilta auk þess sem margir drengjanna voru í kosti á heimili þeirra hjóna og nutu umhyggju þeirra ásamt fleiri börnum sem þau tóku í fóstur til styttri eða lengri tíma.



Katrín Þorvaldsdóttir með Þorvaldi, syni þeirra Jóns.<sup>10</sup>

## Katrín Þorvaldsdóttir

Katrín Þorvaldsdóttir Sívertsen fæddist 3. apríl 1829 og var dóttir hjónanna Þorvalds Sívertsen og Ragnildar Skúladóttur í Hrappsey á Breiðafirði. Árið 1848 giftist hún Lárusi M. Sigmundssyni Johnsen presti í Holti í Öndurarfirði en þau fluttust árið 1854 að Dagverðarnesi á Skarðsströnd. Lárus druknaði árið 1859 og eftir það bjó Katrín í Flatey hjá vinkonu sinni þar til hún giftist Jóni og fluttist til Reykjavíkur.

Þorvaldur Thoroddsen, fóstursonur Katrínar, segir að hún hafi verið „... hin mesta merkiskona, gáfuð og vel að sjer til munns og handa.“<sup>12</sup> Hún var vel menntuð og hafði mikinn áhuga á lands- og heimsmálum og tók meðal annars þátt í stofnun Hins íslenska kvenfélags í ársbyrjun 1894.

Katrín lést 23. desember 1895.

# Ævilok

Jón veiktist alvarlega af taugaveiki árið 1862 og var honum vart hugað líf um tíma. Veikindi settu mark sitt á Jón æ síðan og fylgdi hann ströngu mataræði að læknisráði og fór daglega í langa göngutúra.

Jón var heilsuveill síðustu æviárin og sjónin fór svo mjög þverrandi að hann varð nærri blindur. Eftir andlát Þorvaldar, sonar hans, mun hann ekki hafa á heilum sér tekið.

Jón lést 4. september 1888.

Við starfslok Jóns í Lærða skólanum sendu 20 íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn Jóni fallett ávarp í virðingar- og þakklætisskyni sem birt var í blaðinu *Þjóðólfi* í október 1879.

— Eptirfylgjandi víðurkenningarbréf til herra bókavardar *Jóns Árnasonar* var oss nú með póstskipinu sent til birtingar í »*Þjóðólfi*»:

Hæstvirti herra!

Þegar vör skildum við Reykjavíkur lærða skóla, var það einlæg ósk vor allra, sem hér ritum nöfn vor undir, að þér, herra Jón Árnason, umsjónarmaður vor, mættuð sem lengst og bezt vinna að starfi yðar í skólans þarfir. Það kom oss því mjög óvænt, er vör heyrdum að þér nú væruð komnir frá umsjón skólans, og teljum vör það alls ekkert lán fyrir skóla vörn og fósturjörð — og mun það fleirum finnast.

Þegar vör nú hugsum til skólatíma vors og minnumst þess, hversu vel og farsællegra þér gættuð stöðu yðar, og hversu þér með alvarlegri mannuð og lempni áunnuð yður virðingu og ást vor skólasveina, þá getum vör eigi bundizt þess að láta yður í tæ innilegt þakklæti vort fyrir allan þann tíma, sem vör vorum saman í skólanum. Og eins og vör vitum að ókomnar aldir munu minnst yðar sem vísindamanns, eins getum vör með sönnu sagt yður, að allir af hinum yngri menntamönnum Íslands munu jafnan minnst yðar með hlýjum þakklætishug frá skólaveru sinni.

Hæstvirti herra!


Vör óskum yður og öllum yðar langra og farsællegra lífdaga, og að þér enn þá lengi megið vinna fósturjörðu vorri gagn og sóma, eins og þér hafið gert hingað til.

Kaupmannahöfn í september 1879.


Virðingarfylgst:

|                                            |                                                 |                                       |
|--------------------------------------------|-------------------------------------------------|---------------------------------------|
| Guðmundur Þorláksson,<br>stud. mag.        | Þórhallur Bjarnason,<br>guðfræðingur.           |                                       |
| Jón Þórarinnsson,<br>stud. theol.          | Gestur Pálsson,<br>stud. theol.                 | Friðrik Petersen,<br>stud. theol.     |
| Guðlaugur Guðmundsson,<br>lögfræðingsefni. | Halldór Danielsson,<br>stud. juris.             |                                       |
| Páll Briem,<br>stud. jur.                  | Ólafur Halldórsson,<br>stud. juris.             | Geir Tómasson Zoëga,<br>stud. philol. |
| Jóhannes Davíð Ólafsson,<br>stud. jur.     | Þorvaldur Thoroddsen,<br>stud. hist. nat.       |                                       |
| Sigurður Þórðarson,<br>stud. jur.          | Niels M. Lambertsen,<br>stud. jur.              |                                       |
| Sigurður Ólafsson,<br>lögneri.             | Jón Jensson,<br>stud. juris.                    | Skúli Thoroddsen,<br>stud. jur.       |
| Ólafur Finsen,<br>stud. med.               | Bertel E. Ó. Þorleifsson,<br>stud. med. & chir. | Björn Jensson,<br>stud. polyt.        |





Jón Árnason, *Ágrip af æfisögu dr. Marteins Lúters* (Reykjavík, 1852).



Jón Árnason, *Sagan af Karlamagnúsi keisara* (Kaupmannahöfn, 1853).

## Heimildir

<sup>1</sup> Pálmi Pálsson, „Æfiágrip Jóns Árnasonar landsbókavarðar“, *Andvari* 17 (1891), bls. 9.

<sup>2</sup> *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf.* Fyrra bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950), bls. 13.

<sup>3</sup> *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf.* Fyrra bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950), bls. 12–13.

<sup>4</sup> Benedikt Gröndal, *Dægradvöl* (Reykjavík: Forlagið, 2014), bls. 103.

<sup>5</sup> *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf.* Fyrra bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Hlaðbúð, 1950), bls. 10.

<sup>6</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn. Lbs 2655 8vo. Bréf frá Jóni Árnasyni til Konrads Maurer, 2. maí 1862.

<sup>7</sup> Í bréfi Jóns stendur: „... sem áður geti reitt sig á ...“ en orðinu *áður* er hér breytt í *maður*, líkt og Finnur Sigmundsson gerir í útgáfu sinni á bréfinu, sjá: *Úr fórum Jóns Árnasonar. Sendibréf.* Síðara bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík: Hlaðbúð, 1951), bls. 115.

<sup>8</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn. Lbs 2655 8vo. Bréf frá Jóni Árnasyni til Konrads Maurer, 27. október 1866.

<sup>9</sup> Þorvaldur Thoroddsen, *Minningabók.* 1. bindi. *Æskuár* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1922), bls. 66.

<sup>10</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn. Lbs 2655 8vo. Bréf frá Jóni Árnasyni til Konrads Maurer, 6. janúar 1868.

<sup>11</sup> Þorvaldur Thoroddsen, *Minningabók.* 1. bindi. *Æskuár* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1922), bls. 94.

<sup>12</sup> Þorvaldur Thoroddsen, *Minningabók.* 1. bindi. *Æskuár* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1922), bls. 31.

# Rit Jóns Árnasonar

## Bækur

*Íslensk æfintýri*. Söfnuð af M. Grímssyni og J. Árnasyni (Reykjavík, 1852).

Jón Árnason, *Ágrip af æfisögu dr. Marteins Lúters* (Reykjavík, 1852).

Jón Árnason, *Sagan af Karlamagnúsi keisara* (Kaupmannahöfn, 1853).

*Íslenskar þjóðsögur og æfintýri*. Safnað hefir Jón Árnason. Tvö bindi (Leipzig, 1862–1864). Aukin útgáfa Árna Böðvarssonar og Bjarna Vilhjálmssonar í fimm bindum 1954–1961 á vegum bókaútgáfunnar Þjóðsögu. Einnig hafa margar endurprentanir, úrvöl og prentanir einstakra sagna úr safninu komið út, enn fremur fjöldi þýðinga á erlendum málum (dönsku 1862–1863, ensku 1864–1866, þýsku 1889–1891), stundum meginhluti sagnanna, stundum þrengra úrval eða einstakar sögur.

Jón Árnason, *Registur yfir bókasafn Hins lærða skóla í Reykjavík* (Reykjavík, 1862).

Jón Árnason, *Viðbætur við Registur yfir bókasafn Reykjavíkur lærða skóla síðan 1862* (Reykjavík, 1870).


Jón Árnason, *Skrá yfir prentaðar íslenskar bækur og handrit í Stiptisbókasafninu í Reykjavík* (Reykjavík, 1874).

Jón Árnason, *Skýrsla um bækur þær, sem gefnar hafa verið Stiptisbókasafninu á Íslandi, í minningu þjóðhátíðar Íslands 1874* (Reykjavík, 1874).


*Íslenskar gátur, þulur og skemtanir*. I. bindi. *Íslenskar gátur*. Safnað hefir Jón Árnason (Kaupmannahöfn, 1887).

## Ritgerðir

Jón Árnason, „Æfisaga Drs. Sveinbjarnar Egilssonar.“ Sveinbjörn Egilsson, *Rit Sveinbjarnar Egilssonar*. Annað bindi. Fyrri deild (Reykjavík, 1856), bls. vi–lxxii.




*Icelandic Legends*. Collected by Jón Árnason Translated by George E. J. Powell and Eiríkur Magnússon. (London, 1864).



*Íslenskar gátur, þulur og skemtanir*. I. bindi. *Íslenskar gátur*. Safnað hefir Jón Árnason (Kaupmannahöfn, 1887).



Jón Árnason, *Skrá yfir prentaðar íslenskar bækur og handrit í Stiptisbókasafninu í Reykjavík* (Reykjavík, 1874).



Jón Árnason, *Skýrsla um bækur þær, sem gefnar hafa verið Stiptisbókasafninu á Íslandi, í minningu Þjóðhátíðar Íslands 1874* (Reykjavík, 1874).

## Blaðagreinar

Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðlega fornfræði.“ *Norðri* 30. maí 1859, bls. 56.

Jón Árnason, „Hugvekja um alþýðleg fornfræði.“ *Íslendingur* 19. október 1861, bls. 91–93. Einnig sem sérprent.

Jón Árnason, „Stiptsbókasafnið í Reykjavík.“ *Íslendingur* 7. júní 1862, bls. 26–27; 4. júlí 1862, bls. 44–47; 18. júlí 1862, bls. 49–50. Birtist einnig í *Þjóðólfi* 20. maí 1862, bls. 90–92; 18. júní 1862, bls. 105–110; 10. júlí 1862, bls. 118–119. Einnig sem sérprent.

Jón Árnason, „Bending til fjárhagsnefndarinnar á alþingi 1877.“ *Þjóðólfi* 14. mars 1879, bls. 26.

## Útgáfa

Sveinbjörn Egilsson, *Rit Sveinbjarnar Egilssonar*. Tvö bindi (Reykjavík, 1855–1856).

Benedikt Gröndal, *Drápa um Örvar-Odd* (Reykjavík, 1851).

Björn Gunnlaugsson, *Njóla eða hugmynd um alheimsáformið af skoðun guðs verka og kristindómi. Tilraun til alheimsáforms – fræði (teleologia mundi)* (Reykjavík, 1853).

Björn Gunnlaugsson, *Njóla eða hugmynd um alheimsáformið*. 3. útgáfa (Reykjavík, 1884).

## Annað

*Víkverji* (kostnaðarmaður um skeið).

## Myndaskrá

Mynd á kápu: Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–2217.

<sup>1</sup> Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–4760.

<sup>2</sup> Þjóðminjasafn Íslands, JH–7-25.

<sup>3</sup> Birtist í: Barrow, John, *A visit to Iceland, by way of Tronyem, in the “Flower of Yarrow”, yacht, in the sommer of 1834* (London : John Murray, 1835), bls. 249.

<sup>4</sup> Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, handritasafn. Lbs 17 NF.

<sup>5</sup> Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–10360–A.

<sup>6</sup> Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–7901.

<sup>7</sup> Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–4156.

<sup>8</sup> Ljósmynd: Worm-Petersen, Severin – <http://digitaltmuseum.no/021016126872>

<sup>9</sup> Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni, Mms–7726 (Einnig á baksíðu kápu).

<sup>10</sup> Birtist í: Þorvaldur Thoroddsen, *Minningabók*. 1. bindi. *Æskuár* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1922), bls. 96.





Nú er hnlginn  
í náreit jarðar —  
einn fer að öðrum  
til áttaha —

augasteinn  
ísapjóðar  
félags vors  
fögur þrýði

# J Ó N Á R N A S O N

hinn frægi þjóðsagna höfundur

fæddur á Hofi á Skagaströnd

17. August 1819

útskrifaður úr Bessastaðaskóla 1845

var síðan

aðstoðarmaður Sveinbjarnar Egilssonar,

biskupsskrifari, inspector scholae,

umsjónarmaður forngripasafnsins

og

landsbókavörður

kvæntur 25. August 1866

## KATRÍNU ÞORVALDSDÓTTUR

frá Hrappsey

eignaðist með henni einn efnilegan son, nú dáiinn,

en hún, hússins hetja og harmastoð

huggaði hann og styrkti í ástriku hjónabandi

uns hann preyttur og feginn

leið frá þessu lífi

hinn 4. September 1888.

Hann var húsfæðir  
hjátagður  
og öllum ljúfur  
er inn komu  
spilling veraldar  
vann ei á honum  
hann var í heimi  
heinn og óbetinn.

Hafnaði hann hveezi  
heindar þjáfi  
gefoig ei að glaumi  
né að glyo-tinum  
forn í lund  
en í framför nýr  
ungur og alinn  
í einu hann var.

Fornum fræðum  
og fósturjörðu  
mest hann unni  
fyrir molið ofan  
og óþreytandi  
um aldurðaga  
fægd vora og frama  
með fylgi jóhi.

Hofum er þú  
en hana mun vara  
minning í hjóttum  
molðarvíða  
trýgd og vinfota  
trú og iðni  
þek og þolgaði  
þetta allri lífi.

Svo lengi sem Íslands öldur fjöll  
í upphimin gnýpur teygja,  
þau geyma þitt nafn sem gull, og öll  
nú grátandi döpur segja:  
nú sýrtir að nótt og sólin fer  
og sona fer allt að deyja!

Hann vakti það upp sem áður svaf  
og álfar og vættir söngu,  
hann fann okkar týnda töfrastaf  
og tengdi við blómin söngu,  
og okkar hann víða flutti frægd  
á framandi þjóða tungu.

Vér kveðjum þig, Jón, þig kveður þjóð  
og klettar og fossar tala,  
og ljósið af þínum sagna sjóð  
það elar yfir tind og bala,  
því fornaldarinnar fjöllum hjá  
er framfara-lindin svala.

B. G.





Landsbókasafn Íslands  
Háskólabókasafn